

## Fundargerð 473

Föstudaginn 14. júní 2019 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártogi 1, Sauðárkróki. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þór Sigbjörnsson (GPS), Gunnar Þorgeirsson (GP) í síma, Karl Björnsson (KB), María Hjálmsdóttir (MaH) í síma og Sigríður Jóhannesdóttir (SJ). Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson (AP) forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Guðmundur Guðmundsson (GG) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárliði 7-8), Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs (við dagskrárliði 1-4), Hrund Pétursdóttir (HP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárlið 3), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárliði 7-8) og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Halldóra Kristín Hauksdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 10:03 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Funda- og starfsáætlun stjórnar 2019-2020 - til afgreiðslu
3. ICAAP skýrsla 2019 - (Internal Capital Adequacy Assessment Process) - til afgreiðslu
4. Öryggisstefnur upplýsingatæknikerfa staðfestar - til afgreiðslu
5. Lánamál og tillaga um afskrift láns að hluta - til afgreiðslu
6. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2019 - til kynningar
7. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
8. Búferlaflutningar og orsakir þeirra, staða verkefnis - til kynningar
9. Önnur mál
10. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

### 1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 472. Formaður bar upp fundargerðina. Engar athugasemdir komu fram og var hún samþykkt og dreift til undirritunar.

### 2. Funda- og starfsáætlun stjórnar 2019-2020 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur tillaga að fundaáætlun stjórnar starfsárið 2019-20 sem AP fór yfir og kynnti.

Formaður bar tillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða.

### 3. ICAAP skýrsla 2019 - (Internal Capital Adequacy Assessment Process) - til afgreiðslu

HP kom á fundinn undir þessum dagskrárlið. Fyrir fundinum liggur s.k. ICAAP skýrsla. AP hafði inngang og ræddi m.a. áhrif stækkunar efnahags á eiginfjárlutfall stofnunarinnar. HP kynnti skýrsluna og þær tillögur sem þar komu fram og svaraði spurningum stjórnarmanna.

Í umræðu tóku þátt MBJ, KB, GPS, MaH og GP.

Formaður bar upp ICAAP skýrsluna 2019 og var hún samþykkt samhljóða.

HP vék af fundi

#### 4. Öryggisstefnur upplýsingatæknikerfa staðfestar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá forstöðumanni rekstrarsviðs auk skýrslu KPMG um fylgni Byggðastofnunar við leiðbeinandi tilmæli FME nr. 2/2014, fundargerð 14. fundar öryggisnefndar Byggðastofnunar, leiðbeinandi tilmæli FME nr. 1/2019 og kynning FME á ofangreindum tilmælum.

MH fór yfir minnisblaðið og skýrslu KPMG og þær ábendingar sem þar koma fram. Brugðist hefur verið við þeim flestum og er úrbótum lokið eða í vinnslu.

Lagt var til að aðgangs-, öryggisafritunar- og fjarvinnslustefna Byggðastofnunar yrðu staðfestar óbreyttar frá fyrra ári en við markmið í öryggisstefnu bættist einn liður „Að fylgja eftir öryggisstefnu stofnunarinnar með skýru verklagi s.s. áhættumati, breytingastjórnun, afritun og aðgangsmálum.“.

Til máls tóku MBJ, KB, GÞS, SJ og AÞ.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

HÁ vék af fundi.

#### 5. Lánamál og tillaga um afskrift láns að hluta - til afgreiðslu

AME fór yfir málin og svaraði spurningum stjórnarmanna.

...

...

...

...

...

...

#### 6. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2019 - til kynningar

Fyrir fundinum liggur staða verkefna skv. starfsáætlun og staða rekstrar 31. maí sl. AÞ fór yfir starfsáætlunina, m.a. starfsmannamál, nýja kjarasamninga, sóknaráætlanir, undirbúning nýrra sóknaráætlunarsamninga, 4,9 mkr. endurgreiðslu Vestfjarðarstofu á framlagi til atvinnuráðgjafar þar sem henni var ekki sinnt í 2 ár. Þá skýrði hann frá því að líklega þyrfti að rifta samningi um Aflamark Byggðastofnunar á Flateyri þar sem samningurinn væri í uppnámi. Þá var kynnt minnisblað um dreifðar sjávarbyggðir sem unnið var fyrir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. Formleg opnun á þjónustukortinu fór fram 11. júní sl.

MH fór yfir rekstur stofnunarinnar fyrstu 5 mánuði ársins.

GÞ spurði um framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Til máls tóku KB, GÐS, SJ, AÐ, MBJ, MH og GÐ.

Formaður gerði matarhlé kl. 12:08 og var fundur settur aftur kl. 12:35

GG og SEP komu á fundinn.

#### **7. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar**

Fyrir fundinum liggja fundargerðir nr. 18/19, 19/19 og 20/19

AME fór yfir fundargerðirnar og svaraði spurningum stjórnarmanna.

Til máls tóku GÐ, MaH og AÐ.

#### **8. Búferlaflutningar og orsakir þeirra, staða verkefnis - til kynningar**

Fyrir fundinum liggur minnisblað GG og SEP um rannsókn á búferlaflutningum. Kynntu þau rannsóknina og svör við nokkrum spurningum.

Til máls tóku SJ og MBJ.

GG og SEP viku af fundi.

#### **9. Önnur mál**

*Kynningarfundir lánasérfræðinga á austur- og suðurlandi.*

Lánasérfræðingar fyrirtækjasviðs hafa verið að heimsækja viðskiptavini stofnunarinnar á austur- og suðurlandi auk þess sem þau hafa verið með kynningar- og viðtalsfundi. Fyrir fundinum liggja skýrslur um ferðirnar sem AME kynnti.

Til máls tóku MBJ, MaH og GÐ.

#### **10. Næsti fundur**

Næsti fundur verður haldinn 30. ágúst nk. á Sauðárkróki. KB upplýsti að hann yrði að vera á fundinum í síma.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:20

Magnús Helgason, fundarritari

---

---

---

---

---

---

---